

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 15. júlí 2024.

Málið nr. S-1266/2024:

Ákærvaldið

(Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mohamad Kourani

(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

(Ómar R. Valdimarsson réttargæslumaður brotaþola)

Dómur:

Mál þetta var þingfest 31. maí 2024 og dómtekið 3. júlí. Málið er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara 21. maí 2024 og framhaldsákæru 2. júlí 2024 á hendur ákærða, Mohamad Kourani, kt. [...], fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

1.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa að morgni fimmtudagsins 1. júní 2023, í fangelsinu Litla-Hrauni á Eyrarbakka, hrækt á fangavörðinn A, kt. [...], sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hrákinn lenti á vinstri handlegg hans.

2.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa laugardaginn 3. júní 2023, í sama fangelsi, skvett vökva af óþekktum toga í andlit fangavarðarins B, kt. [...], sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hann fann til sviða í augum og andliti.

3.

Fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa fimmtudaginn 7. mars 2024, í verzluninni [...] í Reykjavík, reynt að svipta C, kt. [...], lífi með því að leggja ítrekað til hans með hnífi og stungið hann í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut línulegan áverka framarlega hægra megin á tungu og 3 sm skurð undir neðri vör.

4.

Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, sama dag og í sömu verzlun, veist með hnífi að D, kt. [...], þegar D reyndi að varna því að ákærði gæti stungið

C, og stungið D í hægri upphandlegg með þeim afleiðingum að hann hlaut djúpan 3 sm langan skurð ofarlega við öxl.

5.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa föstudaginn 8. mars 2024, á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík, hótað lögreglumanni E, sem var við skyldustörf, og fjölskyldu hans lífláti.

6.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa sama dag, í Héraðsdómi Reykjaness að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, hrækt á lögreglumann F, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hrákinn fór í andlit hans.

Er háttsemi samkvæmt 1., 2., 5. og 6. tölulið talin varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, háttsemi samkvæmt 3. tölulið við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og háttsemi samkvæmt 4. tölulið við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og þess krafist af hálfu ákærvaldsins að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á hnífsblaði og tilheyrandi svörtu handfangi (munir merktir 630073-1 og 630074-1) með vísan til 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru teknar upp eftirgreindar einkaréttarkröfur Ómars R. Valdimarssonar réttargæslumanns brotþola C, kt. [...] og brotþola D, kt. [...]:

A.

Af hálfu C er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna sjúkrakostnaðar. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu 1.500.000 króna miskabóta með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2024 og þar til liðinn er mánuður frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

B.

Af hálfu D er þess endanlega krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 1.000.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2024 og þar til liðinn er mánuður frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Samhliða greiðslu bótakrafna krefst réttargæslumaður þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu réttargæsluþóknunar að mati dómsins.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og framlögðum bótakröfum vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði þess að honum verði ekki gerð refsing og hann sýknaður af framlögðum bótakröfum. Til þrautavara er þess krafist að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og dæmdar bætur stórlega lækkaðar. Við ákvörðun refsingar komi þá jafnframt til frádráttar óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 8. mars 2024. Loks verði málsvarnarlaun verjanda samkvæmt tímaskýrslu og annar sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

I. - Sakarefni máls.

1. ákæruliður.

Málsatvik.

Þann 9. október 2023 barst Héraðssaksóknara kæra frá fangelsinu Litla-Hrauni vegna þriggja aðgreindra árása ákærða á þrjú fangaverði dagana 1. og 3. júní 2023. Segir í kærubréfi að ákærði hafi á þessu tímabili tvívegis hrækt á fangaverði og í eitt skipti skvett vökva, mögulega þvagi, á fangavörð. Er vísað til meðfylgjandi skýrslna fangavarða og A nafngreindur. Í atvikaskýrslu A 1. júní 2023 segir að hann hafi þann dag kl. 09:46 verið að flytja ákærða í klefa eftir sturtuferð, ákærði verið ósáttur við að vera lokaður inni í klefa og hrækt á handlegg A þegar hann var að loka klefadyrum. G, H og I fangaverðir hafi einnig komið að þessum flutningi.

A gaf skýrslu hjá Héraðssaksóknara vegna málsins og bar með sama hætti og að ofan greinir. Hann kvað hrákann hafa hafnað á vinstri handlegg. Fram kom að ákærði væri erfiður fangi, að hann hefði bæði fyrir og eftir atvikið 1. júní hrækt á fleiri í fangelsinu og að hann væri andlega óstöðugur. Engu að síður ætti ákærði að hljóta refsingu fyrir athæfið.

Fangaverðirnir G, H og I gáfu einnig skýrslur hjá Héraðssaksóknara og staðfestu að ákærði hafi greint sinn hrækt á A. Þeir mundu ekki hvort hrákinn lenti á vinstri eða hægri handlegg A.

Ákærði var yfirheyrður vegna málsins 13. mars 2024 að viðstöddum verjanda og neitaði alfarið sök. Hann kvað fangaverðina bera á hann upplognar sakir.

Við þingfestingu máls 31. maí sl. neitaði ákærði sök. Við aðalmeðferð 3. júlí kvað ákærði svona tilvik koma upp daglega, jafnvel um 100 sinnum á dag og því stóði það ekki

að spyrja hvort hann muni eftir þessu tiltekna atviki. Í framhaldi það ákærði um nafn viðkomandi fangavarðar, fékk það uppgefið, kvaðst í framhaldi ekki muna eftir umræddu atviki og sagði að „þeir“ hefðu verið að reyna að drepa hann.

Fangaverðirnir A, G, H og I komu fyrir dóm og báru með sama eða svipuðum hætti um að þeir hafi greint sinn verið að færa ákærða í klefa eftir sturtuferð, ákærði verið ósáttur við að vera lokaður inni og hrækt á handlegg A þegar verið var að loka klefadyrum.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af samhljóða framburði A fangavarðar og ofangreindra samstarfsmanna hans fyrir dómi, sem samrýmist frásögn þeirra hjá lögreglu og öðrum rannsóknargögnum máls, er sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa í skilningi 108. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í 1. ákærulið og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Breytir hér engu sakarneitun ákærða og sú viðbára af hans hálfu að hann hafi ekki haft ásetning til að hrækja á A.

2. ákæruliður.

Málsatvik.

Þann 9. október 2023 barst Héraðssaksóknara kæra frá Litla-Hrauni vegna þriggja aðgreindra árása ákærða á þrjá fangaverði dagana 1. og 3. júní 2023. Segir í kærubréfi að ákærði hafi í eitt skiptið skvett vökva, mögulega þvagi, á fangavörð. Er vísað til meðfylgjandi skýrslna fangavarða og B nafngreindur. Í atvikaskýrslu B 3. júní 2023 segir að hann hafi þann dag kl. 13:15 farið ásamt J fangaverði inn á fangagang til að færa ákærða verkjalyf, ákærði spurt hvenær hann fengi að fara í sturtu og verið sagt að það yrði á eftir. Í kjölfar þessa hafi ákærði skvett volgum vökva í andlit B og J brugðist við með því að loka lúgu á klefahurð ákærða. B hafi hreinsað augu og andlit og því næst leitað til læknis á Selfossi til að fá áverkavottorð. Liggur fyrir vottorð K yfirlæknis [...] þar sem fram kemur að [...] læknir hafi tekið á móti B á heilsugæslunni 3. júní 2023 og skráð eftir B við komu að glærum vökva hafi verið skvett úr bolla í andlit hans og B fundið til sviða í húð fyrst á eftir. Við skoðun sáust hvorki roði, þroti né aðrir áverkar í andlitshúð eða augum og var ekki talið að um sýru eða önnur ætandi efni væri að ræða. Ekki var talin þörf á sértækri meðferð og B ráðlagt að skola andlitið með vatni þegar heim kæmi.

B gaf skýrslu hjá Héraðssaksóknara vegna málsins og bar með sama hætti og að ofan greinir í öllum meginatriðum. Aðspurður hvort hann teldi að refska bæri ákærða fyrir verknaðinn kvaðst B telja að miðað við alla hegðun ákærða í fangelsinu ætti hann að hljóta refsingu. J fangavörður gaf einnig skýrslu hjá Héraðssaksóknara og staðfesti að ákærði hefði greint sinn skvett einhverjum vökva á B.

Ákærði var yfirheyrður vegna málsins 13. mars 2024 að viðstöddum verjanda og neitaði alfarið sök. Hann kvað fangaverðina tvo bera á hann upplognar sakir.

Við þingfestingu máls 31. maí sl. neitaði ákærði sök. Við aðalmeðferð 3. júlí kvaðst ákærði ekki muna eftir umræddu atviki og bar að hann hafi ávallt verið góður maður og aldrei verið til vandræða áður en hann kom til Íslands.

Fangaverðirnir B og J komu fyrir dóm og báru með sama eða svipuðum hætti um að þeir hafi greint sinn verið að færa ákærða verkjalyf, ákærði verið í fangaklefa, hann spurt hvenær hann fengi að fara í sturtu, þeir sagst að það yrði seinna og ákærði brugðist við með því að teygja aðra hönd sína gegnum lúgu á klefahurð og skvetta vökva í andlit B þar sem hann stóð fyrir utan klefann. Töldu vitnin engan vafa leika á því að ákærði hafi haft ásetning til að skvetta vökvanum á B.

K yfirlæknir bar vitni og staðfesti framangreind læknisverk og komu B á [...] sama dag og meint atvik átti sér stað. B hafi kvartað undan sviða í andliti en meint háttsemi ekki haft aðrar afleiðingar í för með sér og ekkert væri skráð um endurkomu B á [...] vegna sama atviks.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af samhljóða framburði B fangavarðar og J samstarfsmanns hans fyrir dómi, sem dómurinn metur trúverðugan og samrýmist frásögn þeirra hjá lögreglu, öðrum rannsóknargögnum máls og læknisvottorði og dómsvætti nefnds yfirlæknis, er sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa í skilningi 108. og 1. mgr. 109. gr. fyrrgreindra sakamálalaga að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í 2. ákærulið og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Breytir engu í því sambandi sakarneitun ákærða og sú viðbára af hans hálfu að hann hafi greint sinn ekki haft ásetning til að skvetta vökva á B.

3. og 4. ákæruliður.

Málsatvik.

1.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumanns L var fimmtudaginn 7. mars 2024 kl. 15:55 tilkynnt um hnífstungu í versluninni [...] í Reykjavík og var gerandi sagður farinn af vettvangi. Er lögregla kom á staðinn voru blóðslettur á gólfi verslunarinnar og óreiða innandyra. Þar hittust fyrir C og D, brotáþolar í málinu. C var með blæðandi áverka í munn og D með stunguáverka á hægri upphandlegg. Þeir voru fluttir á slysadeild LSH, en upplýstu áður að Mohamad Kourani, ákærði í málinu, hefði veitt þeim áverkana og ákærði undanfarin ár haft í hótunum við þá. Við skoðun á upptökum úr eftirlitsmyndavélakerfi verslunarinnar sjáist ákærði koma inn í verslunina, ganga að afgreiðsluborði þar sem brotáþolar standa og gefa sig á tal við þá áður en hann dregur svartan hníf úr úlpuvasa og veitist að þeim. Segir nánar um þetta í frumskýrslu að ákærði virtist ætla að veitast að C, en D staðið á milli og fengið stungu í hægri upphandlegg. Í kjölfarið tók C upp skæri sér til varnar og virðist ákærði þá stinga hann í andlitið og hnífsblaðið brotna við stunguna. Í framhaldi sjáist ákærði yfirgefa verslunina og henda hnífsskeftinu frá sér við útidyr. Brotið hnífsblað fannst efst á færiband af afgreiðsluborðs. Á blaðið vantaði hnífsoddinn. Ákærði var handtekinn kl. 21:50 sama dag og vistaður í fangaklefa. Við handtöku var hann í svartri úlpu, dökkri peysu, svörtum buxum, svörtum strigaskóm og með gráa hanska á höndum.

2.

Í málinu liggja fyrir lögregluskýrslur vegna haldlagningar og rannsóknar á fatnaði ákærða og hnífi sem á að hafa verið beitt í árás gegn brotáþolum 7. mars sl. Meðal þess sem þar kemur fram er að skefti hnífsins mældist 11 cm og hnífsblað, sem á vantaði oddinn, mældist um 8,5 cm. Mesta breidd hnífsblaðs mældist 2,5 cm. Á hnífsblaði hafi greinst blóð, en ekki á skefti og ekkert blóð greinst í fatnaði ákærða, skóm eða hönskum.

3.

Þá liggja fyrir vottorð M bráðalæknis og ljósmyndir teknar á LSH sem staðreyna þá áverka C og D sem lýst er í 3. og 4. ákærulið. Segir í læknavottorði um komu C á slysadeild 7. mars sl. að hann hafi greint frá nýlegri hnífstunguárás og við skoðun verið með um 3 cm skálægan skurð undir neðri vör, fyrir miðju, sem ekki hafi náð í gegnum vörina. Þá hafi greinst línulegur áverki, ekki djúpur skurður, frammarlega hægra megin á tungu. Sárin hafi verið hreinsuð, ekki þurft frekari meðferð við sári á tungu, en sár á neðri vör verið saumað með átta sporum. Áverkarnir samrýmist því að vera eftir hníf. Í vottorði um komu D á slysadeild sama dag segir að hann hafi greint frá nýlegri hnífstunguárás og við skoðun verið með um 3 cm lóðréttan og gapandi skurð á miðjum hægri upphandlegg,

ofarlega undir öxl, sem virtist ná a.m.k. 3 cm inn á við. Sárið hafi verið saumað með sjö sporum og áverkinn samrýmst því að vera eftir hnífstungu.

4.

Í málinu liggur fyrir áhættumat lögreglu frá 8. mars 2024. Er þar fjallað um ítrekaða ofbeldishegðun og hótanir ákærða undanfarin ár og sú ályktun dregin að hann sé mjög líklegur til að halda áfram á sömu braut hegðunar. Auk brotþola í þessu máli eru líklegir þolendur taldir allir sem veita ákærða þjónustu, hvort heldur starfsmenn félagsþjónustu, Landspítala, lögreglu eða annarra opinberra stofnanna sem ákærði telur hafa brotið gegn honum, sem og lögfræðingar sem ákærði leitar til. Eftir atvikum megi draga úr þeirri hættu sem frá honum stafar ef ákærði fær markvissa þjónustu og virkt utanumhald fagaðila, sem geti leiðbeint honum um hegðun og andlega og félagslega heilsu. Ákærði hafi til þessa sýnt lítinn vilja til að nýta sér slíka þjónustu og þyrfti hún því að vera skyldubundin til að byrja með. Reynist slíkt ekki unnt telji lögregla gæsluvarðhald nauðsynlegt til að vernda mögulega þolendur fyrir ofbeldishegðun ákærða.

Með áhættumatinu fylgja þýðingar á hótunum ákærða í garð brotþola C frá 2022. Kveðst ákærði þar ætla að slátra C og börnum hans, ríða eiginkonu hans, vakta heimili þeirra með morð í huga og segir að dauðastund C nálgist.

Í áhættumati frá 20. mars 2024 er greint frá því að ofbeldisviðhorf ákærða hafi stigmagnast með árunum, hann búi við stöðuga þráhyggju og aðsóknarkennd og telji sér heimilt og veigri sér ekki við að beita ofbeldi til að vinna gegn óréttlæti sem hann telji að sér hafi verið sýnt hér á landi. Samkvæmt matinu þykir mjög mikil hættu á almennri ofbeldishegðun ákærða og líklegir þolendur sagðir þeir sömu og áður.

Með áhættumatinu fylgir greining á farsímagögnum ákærða, sem gerð var í tengslum við rannsókn á meintri hnífstunguárás í [versluninni]. Í ljós kom að 25. febrúar sl. skoðaði ákærða í farsímanum vefsíðu sem selur skammybyssur og önnur skotvopn. Í sama mánuði sendi ákærði nokkrar hótanir í netföng lögregluþyrvalda og tengjast þær dauða og fjölskyldum. Þá sendi hann tvær hótanir með textaskilaboðum í farsímanúmer lögmans. Þá skal nefna að dagana 3.-5. mars sl. eru skráð sjö símtöl eða hringingar úr farsímanúmeri ákærða í farsíma brotþola C og eitt símtal 4. mars úr síma brotþola til ákærða. Stóð það símtal í rúma mínútu.

Í niðurlagi áhættumats er fjallað um fyrri „málatengsl“ ákærða og C og segir þar að fyrir atburði 7. mars sl. megi finna nöfn þeirra beggja skráð í sex rannsóknarmálum lögreglu, hinu elsta frá 2017 þegar ákærði var sakaður um hótanir í garð vinnuveitanda C

og túlkaði C fyrir ákærða í því máli. Tvö málanna eru frá 2021 og lutu bæði að kærnum C á hendur ákærða fyrir hótanir. Þá kærði C ákærða tvívegis fyrir hótanir 2022, annars vegar 15. mars og hins vegar 29. október. Þá leitaði ákærði til lögreglu 5. desember 2022 og kærði C fyrir að „hakka“ farsíma ákærða, en ákærði lauk ekki kærufjerli og var rannsókn því hætt.

5.

Einnig liggur fyrir matsgerð N geðlæknis 1. maí 2024 vegna geðrannsóknar á ákærða, en N framkvæmdi einnig geðmat á ákærða í maí 2022. Er skemmst frá því að segja að ákærði er óbreytt metinn sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga á þeim tíma er hann á að hafa framið umrædd brot í [versluninni]. Þá telur matsmaður að refsing geti borið árangur í skilningi 16. gr. komi til sakfellingar í málinu. Í því sambandi er sérstaklega tiltekið að ákærði neiti alfarið sök og sé væntanlega með aðsóknarpersónuleikaröskun, áfallastreitu og siðblindu. Þá lýsir matsmaður þeirri læknisfræðilegu skoðun að miðað við sögu ákærða sé líklegt að hegðun hans haldi áfram „verði hann ekki stoppaður“. Hann sjái ekki sínar misgjörðir, líti á sig sem fórnarlamb og finnist allar aðgerðir leyfilegar svo hann fái réttlæti framgengt samkvæmt eigin höfði.

6.

C og D gáfu skýrslur hjá lögreglu 12. mars 2024 og staðhæfðu báðir að ákærði hafi greint sinn komið inn í verslun [...] og stungið þá með hnífi. Var frásögn þeirra mjög á sama veg og rakið er í áðurgreindri frumskýrslu. Þá kom fram í skýrslu C að ákærði hafi einnig komið inn í verslunina 3. mars, sagst eiga í vandkvæðum með íslensk stjórnvöld, sem væru að hóta honum og fjölskyldu hans með tölvupóstum og lagði fyrir C að fara með sína tölvu til lögmans ákærða svo sá gæti gengið úr skugga um að hótunarpóstarnir kæmu ekki úr tölvu C. Daginn eftir hafi C því hringt í lögmanninn, sá ekki verið á landinu og C látið ákærða vita af því 4. mars. Þann 5. mars hafi ákærði komið aftur í verslunina, sagst vera í sífelldum vandræðum með C vegna hótana hans í garð ákærða og fjölskyldu hans og C sagt honum að fá sér lögmann. Við svo búið hafi ákærði horfið á braut, eftir það sent C nokkur textaskilaboð og komið aftur í verslunina 6. mars, en C þá ekki verið í vinnu. Ákærði hafi svo birst að nýju 7. mars, sagt við C að hann ætti skilið að deyja og stungið hann með hnífi í andlitið. C kvaðst óttast ákærða og gat þess að hann væri búinn að senda fjölskyldu sína úr landi vegna endurtekinna líflátshótana ákærða.

O gaf skýrslu 14. mars. Hann kvaðst hafa verið við [verslunina] þegar hann sá austurlenskan mann ganga þar inn, fara að afgreiðsluborði og halda hnífi á lofti gagnvart

þeim sem þar voru fyrir. Sami maður hafi svo yfirgefið verslunina og O eftir það séð mann sem stunginn hafði verið í andlitið. Sá maður og annar til hefðu reynt að verjast atlögu áráðarmannsins og lögregla fljótlega komið á staðinn.

7.

Ákærði gaf þrjár skýrslur hjá lögreglu að viðstöddum verjanda; 8. mars, 18. mars og 2. maí 2024. Er skemmst frá því að segja að ákærði neitaði alfarið sök við fyrstu yfirheyrslu, kvaðst ekki hafa verið á staðnum þegar umrædd brot voru framin og bauð fram þá skýringu að C og D hafi lagt til hvors annars með hnífi. Breytti engu þótt ákærða væru sýndar myndupptökur frá [versluninni]. Þau myndskreið væru fölsuð og mafían gert það með „photoshop“. Við næstu yfirheyrslu kannaðist ákærði við að hafa verið á staðnum, sagði C hafa verið með skammbyssu og ráðist á ákærða og allt annað væri lygi. Við síðustu yfirheyrslu kvaðst ákærði vilja kæra C fyrir hótanir og tölvunjósnir og sagði hann tengdan „morðingjasamtökum“ sem fylgist með ákærða og steli gögnum um hann. Í framhaldi kvaðst ákærði ekki hafa verið í [versluninni] þegar meint brot voru framin og áréttaði að myndupptökur væru falsaðar. Þess utan sjáist hann ekki á upptökunum.

8.

Við þingfestingu máls 31. maí sl. neitaði ákærði sök. Við aðalmeðferð 3. júlí spurði ákærði hvort til væru myndupptökur af meintri árás á C og D, var tjáð af sækjanda að svo væri og kvaðst ákærði í framhaldi ekki muna eftir málinu. Hann sagði málið vera „fals“, hann ekki hafa verið í [versluninni] umræddan dag og ekki þekkja til brotþola C. Ákærði kvað hið sama gilda um meinta árás á brotþola D, ákærði ekki hafa veist að þeim manni, ekki hafa verið á staðnum og benti sækjanda á að spyrja Frakkland eða Bretland um sömu atvik. Ákærði kvaðst ekki vilja svara frekari spurningum, því verið væri að ákæra hann án þess að hlustað væri á hann.

Þegar hér var komið voru ákærða sýndar myndupptökur frá [versluninni] af hnífaárás í versluninni 7. mars sl. Hann kvaðst ekki kannast við sig á þeim upptökum, sagði að þetta væri ekki hann sem sjáist beita hnífi gegn brotþolum, hann kynni ekki að beita hnífi í árársarkyni og væri ekki ógnandi einstaklingur, en verði honum haldið áfram í fangelsi muni skapast vandamál. Ákærði kvað upptökurnar falsaðar, photoshop forrit verið notað til að setja hann inn í upptökurnar og að baki því stæði óheiðarlegt fólk sem hefði ráðist inn í hans gögn.

Í kjölfarið kvaðst ákærði hafa verið stunginn með hnífi í líkamsárás árið 2018 og brotþolar í þessu máli greitt einhverjum fyrir að ráðast á hann. Hann kvaðst ekki vilja

svara fyrir hvort um hefndarárás hafi verið að ræða í [versluninni] nema sækjandi eða dómari hefji að nýju rannsókn á stunguárásinni 2018 og kvað ákærði þurfa að ræða þessi mál í réttari röð.

9.

Brotapoli C bar fyrir dómi að ákærði hafi greint sinn komið inn í [verslunina], gengið að afgreiðsluborði verslunarinnar þar sem fyrir voru C og brotapoli D, ákærði spurt C af hverju hann svaraði ekki símtölum frá ákærða, C sagt til svars að hann vildi hvorki að ákærði hringdi í hann né kæmi á vinnustað hans í [...], ákærði við svo búið dregið fram hníf og ráðist á C og D. C kvað þetta hafa gerst mjög hratt; ákærði fyrst stungið D, þegar ákærði var að reyna að ná til C, síðan stungið C í andlitið, árásin tekið nokkrar sekúndur og enginn tími til að bregðast til varna. C hafi þó náð að grípa til skæra við afgreiðsluborðið og hann borið þau fyrir sig í varnarskyni. Hann kvaðst enn bera sýnilega áverka í andliti, gat þess jafnframt að hnífsoddurinn væri enn skorðaður í neðri kjálka og þyrfti hann að fara í aðgerð til að nema oddinn burt. C sýndi viðstöddum röntgenmynd í farsíma sínum af hnífsoddi í neðri kjálka.

Aðspurður um aðrar afleiðingar af meintu broti bar C að hann byggi við langvarandi andlegar afleiðingar, svæfi illa og fyndist hann óöruggur í vinnunni. Hann kvað ákærða hafa sent hótanir úr fangelsinu gegnum WhatsApp og C tilkynnt það til lögreglu. C kvaðst ekki þekkja ákærða, en þekkja til hans eftir að hafa verið látinn túlka fyrir ákærða í máli fyrir allmörgum árum. Eftir það hafi ákærði sífellt verið að hóta C og fjölskyldu hans óförum, í eitt skipti, ekki fyrir svo löngu, komið heim til þeirra og brotið rúðu í bifreið þeirra og eiginkona C og börn eftir það flúið af landi brott af ótta við ákærða og búi nú í [...]. Konan vilji að C komi til þeirra og hóti ellegar skilnaði, en C eigi hlut í og reki [verslunina], hafi lífsviðurværi af þeim rekstri og eigi því ekki auðvelt um vik.

C kvað ákærða hafa komið í [verslunina] um viku áður en árás átti sér stað, sagðist þá vilja kæra íslenska ríkið fyrir hótanir og lagði fyrir C að finna fyrir hann lögmenn. C hafi sagt „ókei“ til að losna við ákærða og hann þá farið á brott. Eftir þetta hafi ákærði ítrekað sent honum skilaboð og hringt í hann, C ekki viljað svara, ákærði svo dúkkað aftur upp í [versluninni] 7. mars og ráðist á C með hnífi. Hann kvað ákærða ekki hafa haft í hótunum í aðdraganda árásarinnar.

Borinn var undir C sá framburður ákærða hjá lögreglu að það hafi í raun verið C og D sem lögðu til hvors annars með hnífi í [versluninni], sem og að C hafi dregið fram skammbyssu í versluninni og ráðist á ákærða. Kvað C þetta fráleitan framburð. Þá var C

kynntur sá framburður ákærða að C stæði fyrir hótunum í garð ákærða, stundaði tölvunjósnir gegn honum og væri tengdur einhverjum morðingjasamtökum sem fylgist með ákærða og steli gögnum um hann. C sagði til svars að hann hafi búið hér á landi friðsömu lífi frá 2008 og líði fyrir ítrekaðar hótanir ákærða og ranghugmyndir sem hann tengi við C.

10.

Brotapoli D bar að hann og brotapoli C hafi greint sinn staðið bak við afgreiðsluborð [verslunarinnar] þegar ákærði kom inn í verslunina. Ákærði hafi gengið rakleitt að borðinu, sagt eitthvað við C, C sagt á móti að þetta væri vinnustaður hans, þangað ætti ákærði ekkert erindi og þeir ættu ekkert vantalað. Við svo búið hafi ákærði dregið fram hníf, ráðist á C og viljað drepa hann, D gengið í milli og gripið í ákærða til að stoppa hana af og við það fengið hnífstungu í hægri upphandlegg. Taldi D að ákærði hafi einnig reynt að drepa hann. D kvaðst ekki þekkja til ákærða, aðeins séð hann einu sinni áður fyrir 7. mars og þess vegna þekkja hann í sjón.

Aðspurður um afleiðingar nefndrar hnífaárásar kvaðst D bera varanlegt ör á hægri upphandlegg, hann og fjölskylda hans óttast ákærða og þau búa við vanlíðan og óöryggi vegna óvissu um hvenær ákærði losni úr haldi.

11.

O bar að hann hafi verið á leið inn í [verslunina] 7. mars sl. og séð austurlenskan mann fara inn í verslunina á undan honum. O hafi í fyrstu talið að þetta væri vinur tveggja manna sem þar voru við vinnu, O ekki hugsað meira um þetta og sinnt sínum erindum í versluninni, hann svo orðið var við hávaða, litið að afgreiðsluborði og séð eitthvað í gangi, við það hörfað lengra inn í verslunina og þaðan séð austurlenska manninn með hníf á lofti. Sá maður hafi svo hlaupið á brott og annar hinna hringt í lögreglu.

12.

Auk brotþola og fyrrgreinds sjónarvottar leiddi ákærvaldið fyrir dóm til vitnis lögreglumann L, sem gerði frumskýrslu vegna málsins, lögreglumenn E og P, sem komu að vettvangs- og framhaldsrannsókn, sérfræðing tæknideildar Q, sem stýrði blóðrannsóknum á fatnaði ákærða og haldlögðum hnífi, sbr. 2. kafli að framan, M bráðalækni, sbr. 3. kafli og N geðlækni, sbr. 5. kafli. Er skemmst frá því að segja að tilgreindir lögreglumenn staðfestu aðkomu sína að rannsókn málsins og þær skýrslur sem eftir þá liggja. Verður nú rakinn framburður annarra vitna að því marki sem máli kann að skipta við úrlausn málsins.

12.1.

Sérfræðingur Q staðfesti fyrir dómi þær skýrslur sem eftir hann liggja og bar að við rannsókn á fatnaði ákærða, þar með talið skóm og hönskum, hafi ekkert blóð fundist. Vitnið bar að miðað við þær stungur sem veittar voru og klæðnað brotþola D teldist ekki óeðlilegt þótt ekki hafi greinst blóð í fatnaði ákærða. Vitnið staðfesti að vantað hafi oddinn á hnífsblaðið sem rannsakað var.

12.2.

M sérfræðingur í bráðalækningum gaf skýrslu gegnum síma og hafði ekki hjá sér þau vottorð sem frá greinir í 3. kafla. Meginefni vottorðanna var því lesið fyrir M gegnum síma og kvaðst hann í framhaldi standa við allt sem þar segir. M voru kynntar niðurstöður lögreglurannsóknna um lengd og breidd þess hnífsblaðs sem notað var við árás á brotþola og bar í framhaldi að árás með slíkum hnífi gæti hæglega leitt til lífshættulegra áverka. Í tilvikum C og D hafi hvorugur greinst með lífshættulega áverka, en þegar veittir séu stunguáverkar í höfuð og upphandleggi sé stutt í stórar æðar í hálsi og við öxl og geti stungur á þeim svæðum hæglega valdið andláti.

12.3.

N geðlæknir og dómkvaddur matsmaður staðfesti fyrir dómi matsgerð sína sem frá greinir í 5. kafla. Hann kvað engan vafa leika á því að ákærði sé sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga, en meira álitmál sé hvort 16. gr. laganna geti átt við um ástand hans. Ákærði lýsi sig kerfisbundið saklausan af öllum sakargiftum, telji sig vera fórnarlamb í kerfinu og því sé honum allt leyfilegt. Ákærði geri sér fyllilega greint fyrir því sem hann gerir á hlut annarra, en sé gjörsamlega sama um allt og alla og teljist því fremur hættulegur einstaklingur. Ákærði hafi upplifað alls kyns hrylling og djöfulskap í sínu heimalandi, sem trúfli hann eflaust í dag, en réttlæti með engu móti framferði hans hér á landi. N kvað erfitt að átta sig á hvað stýri hugsunum ákærða og hvort hann geri sér upp suma hluti, s.s. áhyggjur af mafíunjósnum, en óháð því greinast engar ranghugmyndir hjá honum. N kvaðst hafa skoðað ítrekað og mjög vandlega við vinnslu matsgerðar hvort 16. gr. hegningarlaganna geti átt við um ástand ákærða og komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Ákærði þurfi engu að síður mikla hjálp, komi til fangelsisrefsingar, en erfitt sé að vita hvernig höndla eigi einstakling eins og hann og hvernig unnt sé að hjálpa honum. Ákærði búi við alvarlegar persónutruflanir, en teljist ekki bráðveikur andlega, svo sem einnig megi ráða af því mati lækna á geðdeild LSH að útskrifa hann þaðan í júní á þessu ári eftir aðeins 3-4 sólarhringa nauðungarvistun. N var

spurður hvort og þá hvernig skýra megi meinta og endurtekna hráka ákærða, sem og það að hann virðist gera sér far um að skvetta þvagi á fangaverði. Í framhaldi áréttaði N að ákærða væri sama um allt og alla, telji sig ekki skulda öðru fólki neitt og geri það sem hann vill hverju sinni.

Málatilbúnaður ákæruvaldsins og ákærða.

1.

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi sé í senn reikull og sérlega ótrúverðugur, ákærði lítið sem ekkert viljað tjá sig um sakarefni máls og sé framburður hans að engu hafandi við úrlausn þess. Fyrir liggi að ákærði þekkti til brotþola C, hafi margoft verið búinn að hóta honum lífláti og vissi hvar hann vann. Það hafi því ekki verið tilviljun háð að ákærði gerði sér ferð í [verslunina] umræddan dag, vopnaður hnífi og veittist þar fyrirvaralaust að C og brotþola D með þeim hætti sem frá greinir í 3. og 4. ákærulið. Atlagan að C hafi þvert á móti verið skipulögð, ákærði farið í verslunina í þeim eina tilgangi að ráða C af dögum, ákærði veist þar af hörku á C með hnífi, sýnt einbeittan vilja til að drepa hann og tilviljun ein ráðið því að ekki fór verr, svo sem ráða megi af dómsvætti M bráðalæknis á LSH. Til marks um það hve heiftúðug árásin var bendir ákæruvaldið á að hnífsblaðið virðist hafa brotnað við stunguna í andlit C og sitji hnífsoddurinn enn í neðri kjálka hans.

Samkvæmt framansögðu og að virtum samhljóða, stöðugum og trúverðugum framburði C og D hjá lögreglu og fyrir dómi um sakarefni samkvæmt 3. og 4. ákærulið, sem stoð fær í vitnisburði O og samrýmist öllum rannsóknargögnum máls, leiki enginn skynsamlegur vafi á sekt ákærða í skilningi 108. gr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og beri því að sakfella hann fyrir tilraun til manndráps gagnvart C, enda hending ein ráðið því að bani hlaust ekki af og skýrist það m.a. af þeirri tilviljun að D var staddur í versluninni og reyndi að bjarga C undan hnífstungum ákærða. Máli sínu til stuðnings vísar ákæruvaldið til hæstaréttardóms nr. 67/2002 og landsréttardóms nr. 105/2021.

Að því er varðar atlögu ákærða að brotþola D er jafnframt á því byggt að ákærði hafi lagt til hans með hnífi af ásettu ráði þegar D reyndi að koma C til varnar og ákærða staðið á sama þótt hann þyrfti einnig að stinga D til að komast að C. Árásin hafi verið stórhættuleg og megi ráða af vætti M bráðalæknis að stunga í hægri upphandlegg, svo nærri öxl, hefði hæglega getað leitt til dauða. Beri því án skynsamlegs vafa að sakfella

ákærða fyrir meiri háttar líkamsárás gegn D samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

2.

Af hálfu ákærða er á því byggt að gegn eindreginni sakarneitun verði ákærði ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 3. og 4. ákærulið og beri í því sambandi að meta allan skynsamlegan vafa ákærða í hag. Ákærði hafi ekki verið staðinn að verki við meinta árás, hann verið handtekinn síðar og á allt öðrum stað í Reykjavík og engin merki greinst um blóð úr brotapolum C og D í klæðnaði, skófatnaði eða hönskum ákærða. Verði að telja slíkt með ólíkindum, ef ákærði er í raun gerandi í málinu. Ástæðan sé augljós og helgist af því að ákærði var ekki á vettvangi meints glæps. Verði engu að síður talið sannað að ákærði hafi lagt til C með hnífi sé ósannað að ákærði hafi haft ásetning til að bana C og skorti þar bæði ásetning í skilningi 18. gr. almennra hegningarlaga og tilraunaásetning í skilningi 20. gr. Bæri því að heimfæra háttsemina undir 2. mgr. 218. gr., enda ásetningur til manndrápstillraunar ósannaður og kröfum 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. sakamálalaga ekki fullnægt. Máli ákærða til stuðnings er vísað til hæstaréttardóms nr. 18/2011.

Niðurstöður.

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Dómari metur enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Í málinu liggja fyrir 39 sekúndna myndupptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi [verslunarinnar] sem sýndar voru við aðalmeðferð máls. Má þar sjá ungan, svarthærðan karlmann, með dökkleitt litaraft, íklæddan svörtum buxum, dökkri peysu, svartri úlpu, dökkum hönskum og svörtum skóm, koma inn í verslunina, ganga rólega að afgreiðsluborði, styðja þar vinstri hönd sína við borðendann og er á sama tíma með hægri

hönd í úlpuvasa. Við afgreiðsluborðið stendur brotapolí D, í um eins metra fjarlægð frá svartklædda manninum og þétt við hlið D situr brotapolí C, fjær hinum svartklædda. Sá svartklæddi segir eitthvað við brotapóla, sem virðast ekki kippa sér upp við það og gefa manninum lítinn gaum. Í sömu andrá sést O ganga inn í verslunina og leggja leið sína inn eftir henni. Í þeirri andrá snýr svartklæddi maðurinn sér rólega frá brotapolum og virðist ætla að ganga inn eftir versluninni líkt og O, en vindur sér svo skyndilega inn fyrir afgreiðsluborðið með hníf reiddan hátt til höggs í hægri hendi og leggur óhikað til D með hnífnum. Við þetta sprettur C á fætur með skæri í hægri hönd, D flýr frá afgreiðsluborðinu, hverfur inn eftir versluninni þar sem O stendur og árásarmaðurinn veitist óhikað með hnífnum að C og nær að stinga hann í andlitið. Í kjölfarið hopar C frá afgreiðsluborðinu, ber fyrir sig skærin gagnvart árásarmanni og bakkar C um leið varfærnislega inn eftir versluninni. Þeir standa svo andspænis hvor öðrum í viðbragðsstöðu áður en C snýr sér við og hleypur inn eftir versluninni og árásarmaðurinn snýr sér við og gengur út.

Dómurinn hefur gaumgæft myndupptökurnar og telur engan skynsamlegan vafa leika á því að þar sjáist ákærði að verki, enda auðþekkjanlegur í útliti. Samrýmist sú ályktun stöðugum, samhljóða og trúverðugum framburði C og D, sem báðir þekktu ákærða í sjón og tilgreindu hann strax sem árásarmann. Að þessu virtu þykir framburður ákærða um annað fráleitur og að engu hafandi við úrlausn málsins. Þótt ekki sjáist glögg á upptökunum nákvæmlega hvar í líkama C og D hnífstungur lenda liggur fyrir um það óræk sönnun með fyrirbyggjandi ljósmyndum sem teknar voru sama dag á LSH, framburði C og D og fyrrgreindum læknisvottorðum sem staðfest hafa verið fyrir dómi.

Er þannig sannað að ákærði hafi greint sinn farið í verslunina [...], veist með hnífi að D þar sem hann stóð við afgreiðsluborð og stungið hann í hægri upphandlegg með þeim afleiðingum sem frá greinir í 4. ákærulið. Ákærði beitti hættulegu vopni gegn varnarlausum manni sem átti sér einskis ills von og stakk hann af mikilli heift í þeim tilgangi að komast að C sem ákærði taldi sig eiga sökótt við. Verður að telja mildi að D hlaut ekki alvarlegri áverka en raun ber vitni. Varðar háttsemi ákærða gagnvart honum við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur einatt verið tregur til skýrslugjafar um sakarefni máls og á köflum svarað spurningum þar að lútandi út í hött. Liggur því hvorki fyrir skýring hans á nefndum hnífaárásu né haldbær afstaða til þess hvað honum hafi gengið til með þeim.

Í málinu liggur fyrir að ákærði hefur ofsótt C um langt skeið, ítrekað hótað honum og fjölskyldu hans lífláti, áreitti C með símtölum dagana fyrir árásina, gerði sér ferð í

[verslunina] 3. mars sl. og vændi C óbeint um tölvuhótanir, fór aftur í verslunina 5. mars og bar á C endurtekna hótanir gagnvart sér og fjölskyldu sinni, fór enn í [verslunina] 6. mars, án þess að ná tali af C, og birtist síðan óvænt í versluninni hinn örlagaríka dag, án þess að eiga þangað réttlæt看legt erindi.

Þegar síðastgreind atriði eru virt heildstætt og með hliðsjón af stöðugum og trúverðugum framburði C og D um atvik og atburðarás í versluninni 7. mars sl. og hinni óvæntu og heiftúðugu árás á C, sem glögg sést á myndupptökum, er sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi haft ásetning til að bana C með hnífnum. För ákærða með hníf að vopni inn í verslunina verður ekki skýrð með öðrum hætti og verður ekki annað ráðið af nefndum upptökum en að ákærði hafi ótvírætt sýnt í verki þann ásetning að ráða C bana. Þykir tilviljun ein hafa ráðið því að hnífurinn hafnaði ekki í hálsi eða augum C þegar hann reyndi að sporna gegn ætlunarverki ákærða. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi gagnvart C sem honum er gefin að sök í 3. ákærulið og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

3.

Með hliðsjón af ítarlegri geðrannsókn N og greinargóðu dómsvætti hans er fallist á þá niðurstöðu sérfræðingsins að ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann réðist á C og D 7. mars sl. Einnig er fallist á þá niðurstöðu sérfræðingsins að ástand ákærða á verknaðarstundu hafi ekki verið og sé ekki með þeim hætti að refsing geti ekki borið árangur samkvæmt 16. gr. Verður ákærða því refsað fyrir athæfi sitt gegn brotþólum.

5. ákæruliður.

Málsatvik.

Þann 13. mars sl. barst Héraðssaksóknara kæra lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna meintra hótana ákærða í garð lögreglumanns E og fjölskyldu hans við rækslu skyldustarfa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík. Að baki kærinni liggur frumskýrsla lögreglumanns R þar sem greint er frá því að föstudaginn 8. mars hafi ákærði við skýrslutöku hjá lögreglu látið ófriðlega, margoft hótað að drepa alla Íslendinga, í framhaldi beint fingri sérstaklega að lögreglumanni E og sagt á ensku: „I swear I kill you and your family“. Liggi fyrir þessu hljóð- og myndupptaka til sönnunar. Þá fylgir gögnum þessa þáttar máls skýrsla lögreglumanns S sem kveðst hafa verið vitni að sömu hótun. Loks

liggur fyrir skýrsla lögreglumanns E sem kveðst hafa tekið hótun ákærða mjög alvarlega, enda sé hann í senn hættulegur, óstöðugur og óútreiknanlegur einstaklingur með langa sögu um hótanir og ofbeldisverk.

Við þingfestingu máls 31. maí sl. neitaði ákærði sök. Við aðalmeðferð 3. júlí kvaðst ákærði ekki kannast við umrætt atvik og meinta hótun. Í framhaldi var spiluð fyrir ákærða hljóð- og myndupptaka úr nefndri skýrslutöku og staðhæfði ákærði að það væri ekki hann sem sæist og heyrðist á upptökum viðhafa hótanir í garð lögreglumanns.

Lögreglumenn E, R og S komu fyrir dóm og báru með sama hætti um að þeir hafi greint sinn verið viðstaddir skýrslutöku af ákærða á lögreglustöð þegar hann beindi fingri að E og lét framangreinda hótun falla í garð lögreglumannsins og fjölskyldu hans. Lögreglumaður E kvaðst hafa tekið þá hótun mjög alvarlega, enda hafi ákærði áður sýnt það í orði og verki að hann sé ofbeldisfullur einstaklingur.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af samhljóða framburði ofangreindra lögreglumanna fyrir dómi, sem samrýmist frásögn þeirra hjá lögreglu, áðurgreindri hljóð- og myndupptöku og öðrum rannsóknargögnum, er sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa í skilningi 108. og 1. mgr. 109. gr. títtnefndra sakamálalaga að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í 5. ákærulið og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Breytir hér engu sakarneytun ákærða og sú viðbára af hans hálfu að hann hafi ekki haft ásetning til að hóta umræddum lögreglumanni og fjölskyldu hans óförum.

6. ákæruliður.

Málsatvik.

Þann 10. apríl sl. barst Héraðssaksóknara kæra fyrir meint valdstjórnarbrot ákærða sem beinst hafi gegn lögreglumanni F við rækslu skyldustarfa. Að baki kærinni liggur skýrsla F þar sem greint er frá því að föstudaginn 8. mars sl. hafi hann og tveir aðrir lögreglumenn verið að flytja ákærða í Héraðsdóm Reykjaness vegna gæsluvarðhaldskröfu og ákærði verið kominn í biðherbergi dómhússins (lögmannaherbergi) þegar hann hrækti í andlit F. Þá fylgja málgögnum skýrslur lögreglumanna T og R sem kváðust hafa séð þegar ákærði hrækti í andlit F.

Við þingfestingu máls 31. maí sl. neitaði ákærði sök. Við aðalmeðferð máls 3. júlí kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa hrækt í andlit lögreglumanns F og ekki vilja tjá sig frekar um þennan ákærulið.

Lögreglumenn F, T og R báru fyrir dómi með sama hætti um að þeir hafi verið að færa ákærða til í héraðsdóm og ákærði verið í lögmannaherbergi dómhússins þegar hann hrækti í andlit F. Fyrir þann tíma hafi ákærði látið ófriðlega og tvívegis rífið af sér hrákagrímu. Taldi F engan vafa leika á ásetningi ákærða í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af samhljóða framburði ofangreindra lögreglumanna fyrir dómi, sem samrýmist frásögn þeirra hjá lögreglu og öðrum rannsóknargögnum máls, er sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa í skilningi 108. og 1. mgr. 109. gr. títtnefndra sakamála laga að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í 6. ákærulið og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða. Breytir hér engu sakarneitun ákærða og sú viðbára af hans hálfu að hann hafi ekki haft ásetning til að hrækja á lögreglumann F.

II. - Ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

1.

Samkvæmt málgögnum kom ákærði til Íslands í ársbyrjun 2017, sótti strax um alþjóðlega vernd og hlaut hana 22. maí 2018. Hann á ekki fjölskyldu hér á landi, hefur eftir því næst verður komist ekki stundað hér launaða vinnu og þegið opinbert fé til framfærslu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann 19. desember 2017 dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir skjalabrot. Þá var ákærði í Landsrétti 31. mars 2023 dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, húsbrott, brott gegn nálgunarbanni, eignaspjöll, fimm brott gegn valdstjórninni, tvær sprengjuhótanir, skjalafals, vopnalagabrott, umferðarlagabrott og sjö brott gegn sóttvarnarlögum og var með þeim dóm staðfest niðurstaða héraðsdóms 16. júní 2022. Ákærði lauk 12 mánaða afplánun dómsins 26. janúar 2024. Eftir það var hann 14. mars sl. dæmdur í 14 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, valdstjórnarbrott, sprengjuhóttun, tilraun til sprengjuhóttunar og umferðarlagabrott. Sætir sá dómur áfrýjun fyrir Landrétti.

Brotin sem ákærði er sakfelldur fyrir í þessu máli voru framin fyrir uppkvaðningu dómsins 14. mars. Ber því nú að dæma ákærða hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga, sem samsvari þeirri þynging refsingar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu.

Ákærði er sakfelldur fyrir fjögur valdstjórnarbrot samkvæmt 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa hrækt tvívegis á opinbera starfsmenn, í eitt skipti skvett ókunnnum vökva í andlit fangavarðar og í eitt skipti hótað lögreglumanni og fjölskyldu hans lífláti. Eru brotin í eðli sínu alvarleg og geta varðað allt að sex ára fangelsi. Í 2. mgr. 106. gr. segir að hafi sá sem dæmdur er sekur um brot gegn 1. mgr. áður sætt refsingu samkvæmt henni eða honum áður refsað fyrir brot sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi og má þá hækka refsingu allt að helmingi. Eiga þessi sjónarmið við um ákærða.

Ákærði er einnig sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og varða slík brot allt að 16 ára fangelsi. Þá er ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og varða slík brot fangelsi ekki skemur en fimm ár og allt að ævilangt. Brot ákærða voru framin af ásetningi og var vilji hans til ódæðisverkanna styrkur og einbeittur þegar hann veittist að ósekju og með ofsafengnum hætti að brotapolum C og D og olli þeim töluverðu líkamstjóni. Ákærði hefur ekki sýnt merki iðrunar eða eftirsjár og ekki reynt að bæta ráð sitt, heldur þvert á móti haldið áfram afbrotum með þeirri háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt 5. og 6. ákærulið. Hann á sér engar málsbætur.

Samkvæmt öllu framansögðu og með vísan til 1., 3., 4., 5., 6., 7. og 8. töluliðs 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sakaferils ákærða og reglna 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin átta ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi að fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 8. mars 2024, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt greindri niðurstöðu er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins eins og hún er sett fram í ákæru.

2.

Af hálfu brotþola C og D eru settar fram þær bótakröfur sem frá greinir í A. og B. köflum að framan. Kröfurnar voru birtar ákærða við þingfestingu máls 31. maí sl. Réttargælumaður C setti fyrst fram við munnlegan málflutning 3. júlí rökstudda kröfu um greiðslu 39.079 króna skaðabóta vegna útlagðs sjúkrakostnaðar C. Gegn andmælum verjanda ákærða kemst sú krafa ekki að í málinu og er henni vísað frá dómi.

Ákærði hefur án efa valdið nefndum brotapolum miska í skilningi 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og er ákærði bótaskyldur samkvæmt því. Þótt ekki liggi fyrir gögn um þann miska er ljóst af fyrirliggjandi gögnum að C hefur um árabíl staðið mikil

ógn af ákærða og þurft að þola ítrekaðar líflátshótanir af hans hálfu; hótanir sem ákærði síðan raungerði með fólkskulegri hnífaárás í [versluninni] 7. mars sl. Að gættum þessum atriðum þykir 1.500.000 króna miskabótakröfu C í hóf stillt og ekki efni til annars en að dæma ákærða til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákærði er einnig miskabótaskyldur gagnvart D. Að teknu tilliti til allra atvika að broti ákærða gegn D þykja miskabætur til hans hæfilega ákveðnar 750.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

3.

Samkvæmt greindum málsúrslitum ber loks að dæma ákærða til að greiðslu alls sakarkostnaðar, en til hans telst 751.565 króna útlagður kostnaður ákæruvaldsins, þóknun Ómars R. Valdimarssonar réttargæslumanns beggja brotaþola, málsvarnarlaun Kristjáns Ágústss Flyngenring verjanda ákærða á rannsóknarstigi og fyrir dómi og 65.040 króna aksturskostnaður. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir þóknun réttargæslumanns hæfilega ákveðin 773.760 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með hliðstæðum rökum og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 3.224.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Mohamad Kourani, sæti fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingunni komi að fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 8. mars 2024.

Ákærði sæti upptöku á haldlögðu hnífsblaði og tilheyrandi hnífsskefti.

Ákærði greiði C, kt. [...], 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2024 til 30. júní 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Ákærði greiði D, kt. [...], 750.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2024 til 30. júní 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Skaðabótakröfu C er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 4.814.365 krónur í sakarkostnað, þar með talda 773.760 króna þóknun Ómars R. Valdimarssonar réttargæslumanns C og D, 3.224.000 króna

málsvanarlaus Kristjáns Ágústs Flygenring verjanda síns og 65.040 króna
aksturskostnað verjanda.

Jónas Jóhannsson